

Haust- og vetrarleiga 2021

Mikil aðsókn er í húsin yfir vetrartímamann, sérstaklega í hús sem eru stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Það er venjulega fullbókað um helgar u.þ.b. mánuð fram í tímamann, þannig að nauðsynlegt er að bóka tímanlega til að fá bústað á þeim tíma sem hentar.

Vetrartímabilið er frá 27. ágúst 2021 til 3. júní 2022. Þá er hægt að bóka bæði helgar- og vikuleigu. Þó er aðeins vikuleiga í boði yfir hátíðarnar, þ.e. jól og áramót, og svo páska. Jóla- og áramótavikurnar í ár eru annars vegar 22.12. – 29.12. 2021 og hins vegar 29.12. 2021 – 05.01. 2022. Bókanir fyrir jól og áramót hefjast 10. september. Aðeins hægt að velja annað hvort jóla eða áramótaviku.

Opnað er fyrir bókanir yfir vetrartímabilið í tveimur skrefum.

Opnað verður fyrir bókanir í vetrarleigu fram að jólum þann 16. ágúst kl. 8:15. Opnað verður fyrir bókanir eftir áramót, fyrir tímabilið 5. janúar til 3. júní 2022, þann 1. nóvember kl. 8:15. Athugið að páskar eru undanskildir þar sem sækja þarf um sérstaklega og hefst umsóknartímabilið í byrjun febrúar og verður úthlutað í samræmi punktafjölda umsækjanda.

Helgarleiga er þrjár sólarhringar, annað hvort frá fimmtudegi til sunnudags eða föstudegi til mánudags. Ekki eru dregnir frá punktar í vetrarleigu, að undanskildum páskum. Punktar dragast aðeins frá á þegar leigt er á sumrin og yfir páska.

Hvernig skal bóka hús?

Á veturna er bókað beint á bókunarvefnum eða á skrifstofu og má hver félagsmaður bóka einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Hægt er að skrá sig inn á bókunarvefinn sem er á heimasíðunni, www.efling.is, með rafrænum skilríkjum eða lykilorði og bóka þar beint/(rafrænt). Einnig er hægt að bóka símleiðis á skrifstofu félagsins í síma 510-7500, eða senda fyrirspurnir á orlof@efling.is.

Leiðbeiningar:

Inn á bókunarvefnum er farið í flipann „orlofshús“ og svo „laus orlofshús“ Þá birtist yfirlitsmynd yfir öll orlofshúsin sem sýnir aðeins þrjár vikur fram í tímamann og passa þarf að velja það tímabil á yfirlitsmyndinni sem á að bóka (með örvunum fyrir ofan hana). Veljið svo hús með því að fara í flettluggann fyrir ofan yfirlitsmyndina.

Það er aðeins hægt að bóka hvíta reiti. Ljósugulir reitir sýna leigutímabil sem eru lokað - áður en leigutímabil eru opnað eru reitirnir ljósugulir en verða hvítir þegar búið er að opna og hægt að bóka hús. Athugið að það eru ekki öll húsin í útleigu yfir vetrartímamann og það sem er appelsíngult er ekki hægt að bóka.

Eftirtalin orlofshús og íbúðir eru í boði yfir vetrartímamann:

Nánari upplýsingar um húsin má sjá á heimasíðu Eflingar
www.efling.is/orlofshus

	Vikuverð	Helgarverð	
Hvammur í Skorradal/ ekki pottur	1 hús	33.000,-	23.500,-
Skarð í Borgarfirði / heitur pottur	1 hús	33.000,-	23.500,-
Svignaskarð í Borgarfirði 60 fm. m. potti	6 hús	26.000,	16.500,-
Svignaskarð í Borgarfirði 78 fm. m. potti	10 hús	29.000,-	19.500,
Stykkishólmur / raðhús m. potti	1 hús	28.000,-	19.000,-
Borgarsel í Svignaskarði / ekki pottur	1 hús	24.000,-	14.500,-
Hólmavík / ekki pottur	1 hús	26.000,-	16.500,-
Íbúðir á Akureyri / ekki pottur	4 íbúðir	26.000,-	16.500,-
Raðhús á Akureyri / ekki pottur	3 hús	29.000,-	19.500,-
Kirkjubæjarklaustur / ekki pottur	2 hús	24.000,-	14.500,-
Úthlíð í Biskupstungum / Heitur pottur	2 hús	26.000,-	16.000,-
Brekkuskógur stærri hús/ Heitur pottur	3 hús	29.000,-	19.500,-
Stóra Fljót í Reykholti Biskupstungum Heitur pottur	6 hús	33.000,-	23.500,-
Ölfusborgir / Heitur pottur	10 hús	26.000,-	16.500,-
Hellishólar Fljótshlíð / ekki pottur	1 hús	29.000,-	19.500,-
Vestmannaeyjar / ekki pottur	1 hús	26.000.-	16.500.-
Hveragerði íbúð / ekki pottur	1 hús	24.000,-	14.500,-

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum:

Frá 1. sept.	Illugastaðir / Heitur pottur	2 hús	sími: 462 5909 /462 6199
Frá 1. okt.	Einarsstaðir / Heitur pottur	3 hús	sími: 861 8310